

59. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. maí og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Egill Sigurðsson. Karl Ölvisson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Ársreikningur Ásahrepps 2017, síðari umræða
2. 17. júní
3. Sumarliðabær 1
4. Tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO
5. Fundargerðir
6. Erindi til hreppsnefndar
7. Viðhald girðinga meðfram Hringveginum um Ásahrepp
8. Lántaka, Brunavarnir Rangárvallasýslu
9. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:**1. Ársreikningur Ásahrepps 2017, síðari umræða**

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 279,5 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 274,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,44%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,230% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 13,3 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 15,9 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árs lok 2017 nam 378,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 382,9 millj. kr. Hreppsnefnd staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

2. 17. júní

17. júní hátíð Ásahrepps verður haldin eins og síðustu ár í Ásabrekkuskógi. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við kvenfélagið Framtíðina.

3. Sumarliðabær 1

Hreppsnefnd tekur vel í opnun á skógræktarsvæðinu, er á áætlun ferð með hreppsnefnd og landeiganda.

4. Tilnefning Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO

Hreppsnefnd samþykkir stuðningsyfirlýsingu við að Vatnajökulsþjóðgarður og hluti gosbeltisins verði tilnefnd á heimsminjaskrá UNESCO, með fyrirvara um samþykki annarra sveitarfélaga sem hlut eiga að málinu.

5. Fundargerðir

- a) **52. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., haldinn 26. apríl sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar.**

liður 2. Samstarfs- og þjónustusamningur við Héraðsskjalasafn Árnesinga: Skönnun og frágangur byggingarmála – 1804071

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leyti.

- b) **155. fundur skipulagsnefndar haldinn 16. apríl sl. liður 19. þarfnast umfjöllunar liður 19. Krókur land lnr 174663: Sjónarhóll: Stofnun og sameining lóða – 1804069**

Lögð er fram umsókn Pierre Davíðs Jónssonar og Kristínar Óskar Ómarsdóttur dags. 18.04.2018. Óskað er eftir að ný lóð úr landi Króks Inr 174663, samtals 21,388 m² að stærð, verði sameinuð lóð Sjónarhóls Inr. 187871 í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Samtals verður ný lóð Sjónarhóls eftir sameininguna 49,806 m². Mörk og hnit lóðar liggja fyrir og samþykki allra lóðahafa.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar og sameiningu hennar við lóð Sjónarhóls. Stækkunin felur í sér breytingu á deiliskipulagi Sjónarhóls sem er óveruleg. Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

c) 31. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. haldinn 24. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

d) Fundur stjórnar Skógasafns, haldinn 24. apríl sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar liður 1. Staða mála, lántaka vegna framkvæmda.

Ósk um ábyrgð aðildarsveitarfélaganna á lántökum vegna framkvæmda.

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Skógasafns hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 40.000.000,- kr. til 16 ára, í samræmi við [samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem sem liggur fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Skógasafni. Sveitarstjórnin veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til greiðslu framkvæmda við safnið, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Skógasafns til að breyta ekki ákvæði samþykktu Skógasafns sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Ásahreppur selji eignarhlut í Skógasafni til annarra opinberra aðila, skuldbindur Ásahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Nönnu Jónsdóttir kt. 040680-3069, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Ásahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánasamninginn.

Samþykkt samhljóða.

e) 195. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 17. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni frá Barnaheill um styrktarlínu í tímariti sem Barnaheill gefur út.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 7.000,-bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

b) Beiðni frá Hvata, blað Íþróttasambands fatlaðra um styrktarlínu.

Samþykkt að kaupa styrktarlínu kr. 9.000,-bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

c) Beiðni frá Héraðsfréttablaðinu Þjóðólfi um auglýsingu.

Hafnað.

d) Tölvupóstur frá Óskari Sigurðssyni þar sem kemur fram að hann hefur fengið staðfestingu á afgreiðslu allra hlutaðeigandi sveitarfélaga um áfrýjun í málunum gegn jöfnunarsjóði.

Lagt fram til kynningar.

e) Tölvupóstur dagsettur 2. maí 2018 frá Jóni G. Valgeirssyni stjórnarformanns Sorpstöðvar Suðurlands bs. vegna viljayfirlýsingar sorpsamlaga.

Lagt fram til kynningar.

f) Beiðni frá Skákfélaginu Hróknum um stuðning.

Samþykkt að styrkja um kr. 25.000,-bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

7. Viðhald girðinga meðfram Hringveginum um Ásahrepp

Auglýst hefur verið eftir aðila í viðhald girðinga meðfram hringveginum í Ásahreppi, skilafrestur var til 8. maí sl. Ein umsókn barst og var hún frá Araverk ehf.

Samþykkt að ganga til samninga við Araverk ehf. í verkið til þriggja ára.

8. Lántaka, Brunavarnir Rangárvallasýslu

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 10.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á slökkvibíl og tækjum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Nönnu Jónsdóttur kt. 040680-3069, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.

Ásahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Sveitarstjórn samþykkir ábyrgðina samhljóða.

9. Næsti fundur hreppsnefndar

Aukafundur verður haldinn í byrjun næstu viku þegar kjörskrá hefur borist á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Til kynningar:

- A. Frá nefndasviði Alþingis - 269. mál til umsagnar.
- B. Mat á starfsaldri í leikskólum, sambandið.
- C. Lágmarkslaun frá 1. júní 2018, sambandið.
- D. Boð á opnun Gæða- og eftirlitsstofnunar á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.
- E. Persónuvernd, Pacta.
- F. Fundargerð 859. fundar stjórnar sambandsins.
- G. 265. stjórnarfundur SOS.
- H. Greiðslur og uppbætur, kjara- og starfsmannamál, verkefni, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- I. 90. ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna.
- J. Minnkum förgunarkostnað, Skógarafurðir.
- K. Útsending og upptökur frá ráðstefnunni "Verndarsvæði og þróun byggðar".
- L. Auglýsingakubbar Suðurlandskort.
- M. Ráðstefna Menntun, samfélag og samvinna, sambandið.
- N. Íbúasamráð í sveitarfélögum - kynning á handbók og fésbókarsíða, sambandið.
- O. Dagskrá auka aðalfundur SASS í Vestmannaeyjum 26. - 27. júní nk.
- P. Frá nefndasviði Alþingis - 467. mál til umsagnar.
- Q. Nýsköpunarverðlaun ríkis og sveitarfélaga.
- R. Frá nefndasviði Alþingis - 425. mál til umsagnar.
- S. Frá nefndasviði Alþingis - 479. mál til umsagnar.
- T. Ný drög að frumvarpi til laga um persónuvernd.
- U. Frá nefndasviði Alþingis - 454. mál til umsagnar.
- V. Frá nefndasviði Alþingis - 480. mál til umsagnar.
- W. Þingfundur á Þingvöllum 18. júlí 2018.
- X. Réttur barna í opinberri umfjöllun, sambandið.
- Y. Ráðstefna um samspil verndarsvæða og byggðapróunar.
- Z. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2018.

Hreppsnefnd

Fundargerð yfirlésinn, samþykkt.
Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 10:08

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)